

BRÚ LÍFEYRISSJÓÐUR
STARFSMANNA
SVEITARFÉLAGA
A-DEILD

TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN 2025

2026-04-23

TBG ehf.

Tryggingastærðfræðistofa Bjarna Guðmundssonar ehf.
Grensásvegi 7 – 108 Reykjavík

Til stjórnar og framkvæmdastjóra
Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga

2026-04-23

Eftirfarandi tryggingafræðileg athugun á stöðu A-deildar Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga í lok árs 2025 er unnin að beiðni stjórnar sjóðsins í samræmi við ákvæði 50. greinar samþykktar sjóðsins. Athugunin er gerð í samræmi við ákvæði l. 129/1997 og ákvæði reglugerðar 391/1998. Tryggingafræðileg athugun var síðast gerð miðað við stöðu deildarinnar í lok árs 2024.

Í tryggingafræðilegri athugun felst samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda við þær skuldbindingar til greiðslu lífeyris sem leiða af samþykktum sjóðsins. Lög um starfssemi lífeyrissjóða og samþykktir sjóðsins setja vikmörk fyrir þann mun sem heimill er milli eignaliða og skuldbindinga.

Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga starfrækir fjórar samtryggingardeildir, A-, V-, R-, E- og B-deild. Er hér eingöngu fjallað um skuldbindingar og eignir í samtryggingu í A-deild sjóðsins. Miklar breytingar voru gerðar á samþykktum deildarinnar á árinu 2017. Almennur eftirlaunaaldur var ákveðinn 67 ár og réttindaöflun háð aldri þegar iðgjald er greitt. Sjóðfélagar sem greiddu til sjóðsins fyrir 1.6.2017 geta þó að uppfylltum skilyrðum öðlast rétt samkvæmt fyrra réttindakerfi. Til að tryggja þá réttindaöflun greiddu launagreiðendur framlög til sjóðsins á árinu 2017. Með framlögunum var stefnt að því að jafna áfallna tryggingafræðilega stöðu, og tryggja réttindaöflun til samræmis við eldra kerfi fyrir þá sjóðfélaga sem rétt eiga til þess. Iðgjald til sjóðsins var samhliða lækkað í 15,5% úr 16%.

Stjórn sjóðsins samþykkti breytt ákvæði sem varða aldurstengda réttindaöflun við lok árs 2022, og fékk sú breyting staðfestingu fjármálaráðuneytis frá og með 1.febrúar 2023. Breytingarnar felast í því að aldursháð réttindaöflun verður frá þeim tíma háð fæðingarári sjóðfélaga, auk þess að vera háð aldri sjóðfélaga á iðgjaldatímabili. Undir lok árs var svo samþykkt skerðing áunninna réttinda um 10%, til og með febrúar í aldurstengdri réttindaöflun og til desember 2023 í jafnri réttindaöflun. Jafnframt var réttindaöflun lækkuð til framtíðar í jafnri réttindaöflun.

Mat á skuldbindingum byggir á upplýsingum um réttindi sjóðfélaga úr réttindabókhaldi sjóðsins sem sjóðurinn lét í té. Við mat eignaliða er einnig stuðst við upplýsingar fengnar úr drögum að ársreikningi frá 1.4.2026.

Helstu reikniforsendur sem notaðar eru við athugunina eru :

Raunávöxtun eigna sjóðsins verði 3,5% árlega

Notast er við reiknilíkan Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um lækkun dánartíðni til framtíðar. Gert er ráð fyrir að lífslíkur sjóðfélaga og rétthafa hafi árið 2016 farið eftir þeim lífslíkum:

Lífslíkur sjóðfélaga : samkvæmt reynslu íslenskra lífeyrissjóða 2014-2018

Lífslíkur rétthafa : samkvæmt íslenskri reynslu 2014-2018

Eftir 2016 muni lífslíkur svo breytast í samræmi við reiknilíkan FÍT.

Örorkulíkur sjóðfélaga : Eftir reynslu í íslenskum lífeyrissjóðum 2018-2023 með sérstakri aðlögun að A-deild. Er nú miðað við að örorkulíkur karla séu 75% og kvenna 85% af meðaltali reynslu íslenskra lífeyrissjóða.

Hjúskapar- og barnalíkur eru eftir nýju reiknilíkani FÍT sem byggt er á íslenskri reynslu árin 2019-2023.

Reikniforsendur eru óbreyttar frá síðustu tryggingafræðilegri athugun sjóðsins.

Skuldbindingar vegna þeirra iðgjalda sem greidd hafa verið til sjóðsins vegna iðgjaldatímabíla fram til loka 2025 kallast áfallnar skuldbindingar. Heildar lífeyrisskuldbindingar sjóðsins eru skuldbindingar sjóðsins þegar einnig er ætlað fyrir réttindum vegna ógreiddra iðgjalda núverandi sjóðfélaga og lúta ákvæði laga um heimil vikmörk eigna og skuldbindinga að mun á heildarskuldbindingum og endurmetnum eignum að viðbættu verðmæti iðgjalda.

Er niðurstaða athugunarinnar að verðmæti eigna sjóðsins að meðtöldum iðgjöldum og kröfum á launagreiðendur reiknast 682.245,5 milljónir og skuldbindingar vegna lífeyris og rekstrarkostnaðar 669.741,3 milljónir. Eignir að frádregnum skuldbindingum reiknast því 12.504,2 milljónir, eða að eignir deildarinnar séu 1,9% umfram skuldbindingar.

Staða A-deildar sjóðsins er innan þeirra marka sem áskilin eru í l. 129/1997 um stöðu lífeyrissjóða.

Nánari grein er gerð fyrir forsendum, reikniaðferðum og niðurstöðum hér á eftir. Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum ber að skoða sem vænta niðurstöðu úr reiknilíkani þar sem byggt er á forsendum sem eru háðar óvissu. Mismunur milli niðurstöðu reiknilíkansins og raunveruleika geta komið fram bæði vegna tilviljanasveiflna, einkum þegar sá hópur sem reiknað er fyrir er lítill, og einnig vegna þeirrar miklu óvissu sem er um forsendur sem notaðar eru. Forsendur reiknilíkansins lúta að vöxtum, dánarlíkum og fleiru áratugi fram í tímann og því nánast óhjákvæmilegt að frávik komi fram frá þeim forsendum sem reiknað er eftir.

Virðingarfyllst,



Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur

BRÚ LÍFEYRISSJÓÐUR STARFSMANNA SVEITARFÉLAGA A-DEILD

Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga (Brú) var stofnaður 28. júlí 1998 með samningi á milli BHM og BSRB fyrir hönd hlutaðeigandi stéttarfélaga annars vegar og hins vegar Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd fjölmargra sveitarfélaga. Sjóðurinn fékk starfsleyfi í desember 1998. Upprunalegt nafn sjóðsins var Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga, en nafni hans var breytt í Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga á árinu 2016.

Stofnsamningurinn fól sömuleiðis í sér kjarasamning milli hlutaðeigandi aðila þar sem samið var um skylduáðild starfsmanna í hlutaðeigandi stéttarfélögum. Fulltrúar stofnaðila eiga sæti í stjórn sjóðsins og allir sjóðfélagar eiga rétt á setu á aðalfundum lífeyrissjóðsins með málfrelsi og tillögurétt. Breytingar á samþykktum lífeyrissjóðsins varða skuldbindingar hans gagnvart öllum sjóðfélögum. Þar af leiðandi verða breytingar á samþykktum að hljóta samþykki stofnaðila sjóðsins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, BSRB, BHM og KÍ. Á milli eftirtalinna aðila er í gildi kjarasamningur um skylduáðild hlutaðeigandi starfsmanna að Brú lífeyrissjóð:

Aðildarfélag BHM
Aðildarfélag BSRB
Samband íslenskra sveitarfélaga
Kennarasamband Íslands

RÉTTINDAÁKVÆÐI

Réttindi sjóðfélaga til lífeyris og skylda þeirra til greiðslu iðgjalda til sjóðsins fara eftir ákvæðum samþykktá sjóðsins frá september 2025.

Sjóðfélagar í A-deild geta þeir starfsmenn sveitarfélaga, stofnana þeirra eða fyrirtækja svo og samlaga sveitarfélaga 16-70 ára orðið sem ráðnir eru samkvæmt kjarasamningi milli aðildarfélaga BSRB, Bandalags háskólamanna eða KÍ annars vegar og sveitarfélaga, stofnana þeirra, fyrirtækja eða samlaga sveitarfélaga hins vegar. Einnig eiga framkvæmdastjórar sveitarfélaga og stjórnendur stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélaga rétt til aðildar að A-deild. Þá er sjóðsstjórn heimilt að veita aðild að A-deild starfsmanni sem ekki á rétt til aðildar samkvæmt framangreindu.

Lífeyrisréttindi sem sjóðurinn veitir í A-deild eru ævilangur ellilífeyrir frá 67 ára aldri, örorkulífeyrir ef sjóðfélagi verður fyrir orkutapi sem trúnaðarlæknir sjóðsins metur 40% eða meira, makalífeyrir til maka sem sjóðfélagi lætur eftir sig við andlát sem greiðist að lágmarki í fimm ár, þar af eru þrjú ár óskert og síðan tvö ár að hálfu, eða meðan yngsta barn sem maki hefur á framfæri og sjóðfélagi framferði áður er yngra en 22 ára. Ef maki er fæddur fyrir 1945 er makalífeyrir ævilangur, þó með skerðingu ef maki er fæddur eftir 1925. Barnalífeyrir greiðist vegna fráfalls sjóðfélaga eða töku örorkulífeyris. Óskertur makalífeyrisréttur er 50% af ellilífeyrisrétti. Valin skal sú regla sem er rétthafa hagstæðust.

Iðgjöld til deildarinnar eru 15,5% af launum.

Sjóðfélagar sem greiddu til sjóðsins fyrir 1.6.2017 geta að uppfylltum skilyrðum átt rétt til ekki lakari réttindaöflunar en fyrra réttindakerfi tryggði. Fyrra réttindakerfi var miðað við 65 ára lífeyrisaldur og lífeyrisréttindi miðuð við laun sem greitt hefur verið af til sjóðsins og ávannst fyrir hvert iðgjaldaár elli- og örorkulífeyrisréttur sem er 1,9% af launum sem greitt var afm verðtryggt með vísitölu neysliverðs. Eftir breytingu samþykkt 2023, er jöfn réttindaávinnsla 1,8% af launum sem greitt er af miðað við 67 ára lífeyrisaldur, og gildir þetta frá og með árinu 2024.

Þessi réttindi eru tryggð með sérstakri fjármögnun, lífeyrisaukasjóði, eða lífeyrisaukaiðgjaldi hafi launagreiðandi ekki reitt fram greiðslu til lífeyrisaukasjóðs.

GÖGN

Úr tölvukerfum sjóðsins fengust upplýsingar um iðgjaldagreiðslur, val á leið og öflun lífeyrisréttinda hvers sjóðfélaga árin 1999 til 2025, miðað við verðlag í janúar 2026.

Fyrir alla sjóðfélaga fengust upplýsingar um aldur og kyn. Einnig fengust upplýsingar um lífeyrisþega, fjárhæð og tegund lífeyris.

Með því að fella úr skrá um áunnin réttindi látna og þá sjóðfélaga sem farnir eru að taka lífeyri fást áunnin réttindi annarra en lífeyrisþega.

Við áætlun vegna framtíðar eru iðgjaldagreiðslur færðar til verðlags í janúar 2026 með hækkun vísitölu neysliverðs til verðtryggingar frá meðaltali ársins.

Við áætlun um framtíðariðgjöld vegna iðgjaldatímabíla 2026 og síðar sem núverandi sjóðfélagar eiga eftir að greiða til sjóðsins er miðað við að allir þeir sem öðluðust réttindi á árinu 2025 muni halda áfram að ávinna sér sömu réttindi til framtíðar, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga sbr. hér að framan, þó ekki eftir að almennum eftirlaunaaldri, nú 67 árum, er náð. Er þessi hópur sjóðfélaga kallaðir virkir sjóðfélagar en aðrir þeir sem eiga réttindi í sjóðnum og ekki eru lífeyrisþegar kallaðir óvirkir sjóðfélagar. Eigi sjóðfélagi réttindi í lífeyrisaukakerfi er reiknaður sá réttur sem betri er (þar sem skuldbinding reiknast hærrí).

Úr ársreikningum sjóðsins fengust upplýsingar um kostnað við rekstur síðastliðin þrjú ár og auk þess um eignastöðu sjóðsins og úr verðbréfakerfi eru fengnar upplýsingar um greiðslukjör skuldabréfa og gengi eigna með breytilegar tekjur á markaðsverði.

Iðgjaldagreiðslur skráðar í réttindakerfi vegna ársins 2025 hafa verið bornar saman við iðgjaldagreiðslur samkvæmt ársreikningi og lífeyrisgreiðslur desember 2025 bornar saman við lífeyrisgreiðslu ársins samkvæmt ársreikningi. Þá hafa upplýsingar um réttindi sjóðfélaga verið borin saman við samsvarandi upplýsingar frá athugun fyrra árs.

Hafa þessar athuganir ekki bent til annars en að byggja megi mat skuldbindinga sjóðsins á þeim gögnum sem fyrir liggja úr réttindakerfi, en gögn hafa ekki verið sannreynd með samanburði við frumgögn eða öðrum hætti en þeim sem hér er lýst.

Sjóðfélagar sem njóta bakábyrgðar launagreiðenda sbr. bráðabirgðaákvæði XII laga nr. 127/2016, sbr. lög nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sbr. gr. 23.5-7 í samþykktum Brúar lífeyrissjóðs eiga ekki að sæta þeirri 10% skerðingu áunninna réttinda sem áður var getið um. Þau áunnu réttindi sem þetta á við um eru óskert í réttindaskrá

sjóðsins. Sjóðurinn gerir síðan kröfu á þá launagreiðendur sem ábyrgð teljast bera á þessum réttindum samkvæmt eldri ákvæðum samþykkt. Sjóðurinn afhenti sérstaka skrá um þá sjóðfélaga sem sjóðurinn telur að falli undir þessu ákvæði, og skiptingu áunninna réttinda þeirra við lok árs 2025 í réttindi sem féllu undir ábyrgð tiltekins launagreiðanda og svo þann hluta sem ekki félli undir slíka ábyrgð. Sá hluti réttinda sem ekki fellur undir ábyrgð gæti verið bæði áunninn eftir að skerðing fór fram, eða áunninn utan þess kerfis sem fellur undir ábyrgðarákvæði eða verið áunninn hjá launagreiðanda sem ekki er talið unnt að innheimta hjá. Skráin var unnin af starfsmönnum sjóðsins.

Þau nýmæli voru varðandi gögn fyrir athugun þessa árs að upplýsingar fengust um þá sjóðfélaga sem fengið hafa ellilífeyrisréttindi sín greidd út með eingreiðslu. Var því unnt að fella niður eftirlaunaskuldbindingu þeirra. Fram til þessa hefur sú skuldbinding ekki fallið út fyrr en við fráfall sjóðfélagans. Einnig lágu nú fyrir upplýsingar um lífeyrisréttindi sem núverandi lífeyrisþegar hafa áunnið sér til viðbótar eftir að taka lífeyris hófst og ekki hafa enn verið virkjuð.

Hér skal tilfærður bútur úr tryggingafræðilegri athugun síðasta árs þar sem um þetta er fjallað:

„Einhver hluti lífeyrisþega hefur áunnið sér lífeyrisrétt eftir að taka lífeyris hófst sem ekki hefur enn verið veittur lífeyrisréttur fyrir. Ekki er áætlað fyrir þessari skuldbindingu í útreikningum, en á móti kemur að í mati skuldbindinga fyrir óvirka er hópur sjóðfélaga sem hefur þegar fengið eftirlaunaréttindi sín greidd út sem eingreiðslu. Skoðun bendir til að þessar fjárhæðir muni vera af sviðaðri stærð, og hafi þetta ekki markverð áhrif á mat skuldbindinga sjóðsins, þótt æskilegt myndi teljast að gögn leyfðu nákvæma greiningu þar á.“

Reyndin varð sú að hækkun skuldbindinga vegna óúrskurðaðra réttinda er meiri en lækun skuldbindinga vegna eingreiðslna og veldur þetta hækkun á skuldbindingum í lok árs umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir, sjá fylgiskjöl 7 og 8.

REIKNIFORSENDUR OG -AÐFERÐIR

Reikniforsendur fyrir tryggingafræðilegar athuganir íslenskra lífeyrissjóða eru tilgreindar í lögum 129/1997 og reglugerð 391/1998 sem fjármálaráðherra setur með heimild í fyrrgreindum lögum. Tryggingafræðingi er heimilt að víkja frá þessum staðalforsendum ef talið er að sérstakar aðstæður í viðkomandi sjóð verði þess valdandi að aðrar forsendur eigi betur við.

Engu að síður skal einnig reiknað eftir staðalforsendum og sú niðurstaða birt til samantýðar.

Á árinu 2018 samþykkti Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga nýjan reiknigrundvöll fyrir mat eftirlauna- og örorkuskuldbindinga fyrir íslenska lífeyrissjóði. Grundvöllurinn er byggður á athugun sem náði til allra íslenskra lífeyrissjóða. Ýmis nýmæli er að finna í athuguninni, um mat á lífslíkum er byggt eingöngu á reynslu sjóðfélaga lífeyrissjóða en ekki þjóðarinnar allrar, lagt er mat á endurhæfingarlíkur með beinum hætti og loks er gert ráð fyrir mismunandi lífslíkum öryrkja og annarra. Mat á lífslíkum var byggt á reynslu 2010-2014 og mat á öroklíkum á reynslu 2011-2016.

Athuganir á niðurstöðum hins nýja reiknigrundvallar Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga fyrir einstaka lífeyrissjóði sýndu að til að aðlaga niðurstöður fyrir einstaka sjóði nægir almennt að aðlaga nýgengi örorku fyrir hvern sjóð, en lífslíkur og endurhæfingartíðni séu ekki ólík milli sjóða þegar tekið hefur verið tillit til áhrifa örorku.

Árið 2020 setti Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga svo fram líkan sem áætlað áframhaldandi lækkun aldursbundinnar dánartíðni. Líkanið er byggt á breytingum dánarlíkinda á hverju aldursári, árin 1999-2018, aðgreint fyrir karla og konur. Reiknað er út frá þeim dánarlíkum sem mældust áráabilið 2014-2018. Með auglýsingu í desember 2021 ákvað fjármálaráðuneyti að líkanið teldist hluti staðalforsendna við tryggingafræðilegar athuganir.

Á árinu 2024 var svo líkanið enn uppfært hvað varðar örorkulíkur og er nú miðað við reynslu áráanna 2018-2023. Örorkutíðni þegar litið er til meðaltals allra lífeyrissjóða reyndist hafa lækkað frá tímabilinu 2011-2016, einkum hjá körlum.

Einnig voru hjúskaparlíkur og meðalaldur maka og barneignalíkur uppfærðar og er nú byggt á reynslu áráanna 2019-2023. Þessar nýju forsendur voru með auglýsingu fjármálaráðuneytis gerðar að hluta staðalforsendna fyrir tryggingafræðilegar athuganir fyrir árið 2025.

Hjá A-deild hafa nýjar örorkulíkur verið aðlagðar að reynslu sjóðsins og er nú notast við 75% af meðaltali fyrir karla og 85% fyrir konur. Í fylgiskjöllum er einnig sýnt mat skuldbindinga eftir sömu forsendum og á síðasta ári.

Lífeyrisréttindi eru eins og áður sagði verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs og er gert ráð fyrir að vextir verði 3,5% umfram hækkun vísitölnnar.

Árlegur rekstrarkostnaður er áætlaður sem meðaltal kostnaðar árin 2023-2025, uppfært til verðlags í lok árs 2025 (gildi vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í janúar 2026) og ætlað fyrir sama kostnaði í 50 ár núvirt með sömu vöxtum og lífeyrisskuldbindingar. Rekstrarkostnaði er skipt milli áfallinna réttinda og framtíðar í hlutfalli við mat skuldbindinga og iðgjalda.

Ofangreindar forsendur og aðferðir við mat skuldbindinga eru í samræmi við ákvæði reglugerðar 391/1998 um reikniforsendur við tryggingafræðilegar athuganir.

Skuldbindingar eru metnar á tvo vegu. Annars vegar eru metnar áfallnar skuldbindingar, þ.e. þær skuldbindingar sem sjóðurinn hefur þegar tekið á sig vegna áunninna réttinda sjóðfélaga, og hins vegar framtíðarskuldbindingar sjóðsins, sem eru þær skuldbindingar sem falla munu á sjóðinn við það vegna þeirra iðgjalda sem ætlað er að berist sjóðnum frá þeim sjóðfélögum sem taldir eru virkir sbr. umfjöllun í kaflanum um gögn hér að framan. Samtala áfallinna- og framtíðarskuldbindinga nefnist heildarskuldbinding lífeyrissjóðsins. Við mat skuldbindinga er fyrir lífeyrisþega miðað við úrskurðaðan lífeyri í desember 2025, á verðlagi jan. 2026.

Fyrir aðra sjóðfélaga en lífeyrisþega er reiknað hverjar verða muni lífeyrisgreiðslur til þeirra samkvæmt ákvæðum samþykktar sjóðsins miðað við réttindi og greidd iðgjöld 2025.

Þegar verðmæti framtíðariðgjalda og skuldbindingar vegna þeirra eru reiknuð er miðað við óbreyttar iðgjaldagreiðslur núverandi sjóðfélaga til starfsloka frá því sem var á árinu 2025. Iðgjaldagreiðslur ársins eru færðar til verðlags janúar 2026 með breytingu á vísitölu

neysluverðs til verðtryggingar frá meðalgildi ársins til gildis í janúar 2025 og að viðbættri 1% hækkun vegna óframkominna iðgjalda. Þannig er ekki gert ráð fyrir launahækkunum umfram hækkun vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

Lífeyrisaldur er settur 67 ár, eða aldur sjóðfélaga sé hann hærri. Eins og áður sagði er metinn fyrir sjóðfélaga sem rétt eiga í lífeyrisaukakerfi sá réttur sem myndar hærri skuldbindingu, aldursháður eða jafn, og á það bæði við um áunninn rétt og réttindi til framtíðar. Þannig er hugsanlegt að áunninn réttur sjóðfélaga sé metinn miðað við aldursháða réttindaöflun, og framtíðar réttinadaöflun síðan sem mismunur á jafnri réttindaöflun fram til 67 ára aldurs og áunnum aldursháðum réttindum.

Eignir sjóðsins sem bera fastar tekjur eru að hluta núvirtar miðað við sömu ávöxtunarforsendu og skuldbindingar, þ.e. 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Óverðtryggðar eignir eru núvirtar miðað við 3,5% ávöxtun umfram verðbólgu markmið Seðlabanka Íslands, sem er nú 2,5%.

Þau frávík sem með þessu koma fram frá bókfærðu verði eignanna í ársreikningi eru skráð sem endurmat eigna.

Framlög í lífeyrisaukasjóð á árinu eru reiknuð sem munur á skuldbindingu sem reiknast fyrir sjóðfélaga sem ekki eru byrjaðir að taka lífeyri, vegna réttindaöflunar ársins í jafnri ávinnslu eftir að skuldbinding vegna réttindaöflunar í jafnri ávinnslu telst orðin hærri en í skuldbinding í aldurstengdri réttindaöflun. Er það sama aðferð og notuð hefur verið fram til þessa.

Krafa á launagreiðendur vegna þeirra sjóðfélaga sem ekki sættu skerðingu áunninna réttinda 2023 er svo reiknuð eftir upplýsingum í skrá sem sjóðurinn lét í té, sbr fyrri umfjöllun.

NÍÐURSTÖÐUR

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu lífeyrisskuldbindinga eftir tegundum lífeyris, og hvort um er að ræða áunnin réttindi eða áætlaða réttindaöflun vegna framtíðariðgjalda. Fjárhæðir eru í milljónum.

A-deild Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga Tryggingafræðileg athugun 2025

Eignaliðir	Eignir	Iðgjöld	Samtals
Bókfærð eign	399.858,6		399.858,6
Endurmat	1.341,0		1.341,0
Krafa á launagreiðendur		7.540,8	7.540,8
Iðgjöld lífeyrisauka		587,1	587,1
Núvirði iðgjalda		272.918,0	272.918,0
Samtals eignir	401.199,6	281.045,9	682.245,5

Skuldbindingar	Áunnið	Framtíð	Samtals
Ellilífeyrir	320.988,5	244.052,0	565.040,5
Örorkulífeyrir	34.486,1	38.197,6	72.683,7
Makalífeyrir	7.912,6	5.045,1	12.957,7
Barnalífeyrir	876,5	4.206,4	5.082,8
Kostnaður	5.434,5	8.542,0	13.976,5
Samtals skuldbindingar	369.698,3	300.043,0	669.741,3
Eignir umfram skuldbindin	31.501,3	-18.997,1	12.504,2
Hlutfall	8,5%	-6,3%	1,9%

Krafa á launagreiðendur vegna þess að réttindi þeirra sem falla undir grein 23.3 í samþykktum eru ekki skert hefur hér verið færð meðal iðgjalda og er matið nú byggt á upplýsingum frá sjóðnum um þau réttindi sem krafa stofnist fyrir.

Staða deildarinnar versnar lítillega frá fyrra ári. Í lok árs 2024 var heildarstaða A-deildar jákvæð um 2,8%, áfallin staða jákvæð um 10,7% og framtíðarstaða neikvæð um 6,6 %. Ástæða breytinga á stöðu er einkum að ávöxtun náði ekki 3,5% viðmiði um ávöxtun endurmetinnar eignar.

Staða A-deildar sjóðsins er innan þeirra marka sem áskilin eru í l. 129/1997 um stöðu lífeyrissjóða, og myndi svo einnig vera þó að kröfur á launagreiðendur vegna ákvæða greinar 23.3 væru ekki færðar sem framtíðar tekjur.

Auk tryggingafræðilegrar stöðu deildarinnar er staða Lífeyrisaukasjóðs reiknuð sérstaklega, sjá fylgiskjal 9. Með breytingu samþykpta 2023, og sameiningu Varúðarsjóðs við Lífeyrisaukasjóð var þeim halla sem var á Lífeyrisaukasjóð eytt og reiknaðist staða hans

jákvæð um 6% miðað við lok 2023. Nú reiknast staða Lífeyrisaukasjóðs jákvæð um rúmlega 12%.

FYLGISKJÖL

1. Óvirkir sjóðfélagar, fjöldi og áunnin réttindi eftir aldri og kyni
2. Virkir sjóðfélagar, fjöldi, áunnin réttindi og iðgjöld eftir aldri og kyni
3. Lífeyrisþegar
4. Breyting á stöðu sjóðfélaga
5. Tryggingafræðileg staða 2025, forsendur sjóðsins
6. Tryggingafræðileg staða 2025 reiknuð með staðalforsendum
7. Samanburður við framreiknaða stöðu frá 2024
8. Breyting á áföllnum lífeyrisskuldbindingum
9. Staða lífeyrisaukasjóðs